

Colas Ísland hf.
Sigþór Sigurðsson
Gulhelli 1
221 Hafnarfjörður

Reykjavík, 26. september 2022
UST202202-385/gf
08.06.02

Varðar reglubundið eftirlit í færanlegu Ammann2 malbikunarstöðina sem staðsett var á Tálknafirði þann 15. ágúst 2022

Þann 15. ágúst sl. fór fram eftirlit í færanlegu Ammann2 malbikunarstöð Colas Ísland hf. sem staðsett var í Tálknafirði. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Þrjár ábendingar voru gerðar; ábending um að þjónusta búnað sem tekur afsog af „mixer“ malbikunarstöðvarinna, ábending um að bæta skráningar starfsmanna stöðvarinnar á skráningarskyldum atriðum og að tilkynna slökkviyfirvöldum svæðisins nýja staðsetningu stöðvarinnar þegar hún er færð á milli staða.

Tvö frávik fundust í eftirliti; skrifleg áætlun yfir þær ráðstafanir sem gera þarf fyrir flutning malbikunarstöðvarinnar lá ekki fyrir og var því ekki borin undir Umhverfisstofnun, sjá gr. 1.5 og ársyfirlit stöðvarinnar fyrir árið 2021 með samantekt á niðurstöðum mælinga og skráninga hefur ekki borist Umhverfisstofnun, sjá gr. 4.5.

Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 24. október 2022.

Virðingarfyllt,

Gottskálf Friðgeirsson

Guðbjörg Stella Árnadóttir
sérfræðingur